

Ilmur laufsins hestinn hresti  
hreinn sem lindin svöl og djúp.

Skóladrengir fundu fákinn  
á flæking þar um grænan blett,  
og höfðingjarnir lýðsins lærðu  
létu' hann strax í hrossa-rétt.

Þorpskallarinn klukku hringdi,  
kvað við rómur digur, hár,  
hrópandi um hverfis götur:  
"Hér skal selja strokuklár!"

Forvitnin og flónskan bæði  
fólkið þangað knúði strax.  
Enginn hafði heyrt né litið  
hest með vængi og gullið fax.

Þannig dagur dróst að kvöldi,  
dimman breiddist fyrir sól;  
en það færði fáknum hvorki  
fæðu, bæli eða skjól.

Samt hann þreyði þolinmóður  
þar á bak við grindurnar,  
þar til upp úr austri máninn  
elti skærar stjörnurnar.

Unz um hánótt hringdi klukkan  
hátt í turni dimt með lag,  
og haninn gól að húsabaki  
heilli stundu fyrir dag.